



## Fundargerð

### 36.aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

**36. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 26. október 2012 í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju í Hafnarfirði og hófst fundurinn kl. 14:00.**

Fundargögn:

1. Dagskrá fundarins.
2. Skýrsla stjórnar SSH fyrir liðið starfsár.
3. Framtíðarhópur SSH – Samantekt 2010-2012.
4. Ársreikningur SSH 2012.
5. Tillaga að árgjaldi aðildarsveitarfélaganna 2013.
6. Fjárhagsáætlun SSH 2013.
7. Eigendastefna SORPU – drög í vinnslu hjá framtíðarhópi SSH.
8. Eigendastefna Strætó bs – drög í vinnslu hjá framtíðarhópi SSH.
9. Samþykktir SSH.
10. Fundargerð aðalfundar SSH 4. Nóvember 2011.

**Þetta gerðist:**

#### **1. Fundarsetning**

Ásgerður Halldórsdóttir, formaður stjórnar SSH, setti fund og stýrði kjöri fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kjörinn Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Fundarritari var kjörinn Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

#### **2. Aðalfundarstörf**

**Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2010-2011. Ásgerður Halldórsdóttir, formaður stjórnar SSH.**

Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH frá því að síðasti aðalfundur var haldinn með því að kynna skýrslu stjórnar. Hún fjallaði um ýmis verkefni

stjórnar og SSH á árinu sem tilgreind eru í sérstakri skýrslu sem allir fundarmenn höfðu aðgang að og er vísað í hana í fundargögnum varðandi frekara inntak skýrslunnar.

Formaður fór þá yfir helstu verkefni á borði framkvæmdastjóra á árinu. Henni eru þökkuð störf sín á árinu.

Formaður lætur að störfum eftir 2ja ára starf og þakkaði Ásgerður samstarfið og boðaði að kosinn yrði nýr formaður á fundinum.

### **Endurskoðaðir reikningar fyrir fjárhagsárið 2011 og fjárhagsáætlun fyrir 2012. Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH.**

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2011 sem lá fyrir í fundargögnum. Helstu niðurstöður eru þessar:

#### **Rekstrareikningur:**

Rekstrartekjur þús. kr. 23.484.029,-  
Rekstrargjöld þús. kr. 25.430.903,-  
Fjármunatekjur/ gjöld þús. kr. (235.563,- )  
Rekstrarhalli þús. kr. 13.579.903,-

#### **Efnahagsreikningur:**

Eignir þús. kr. 14.064.703,-  
Eigið fé þús. kr. 13.111.600,-  
Skammtímaskuldir þús. kr. 950.103,-

Meginsskýring á miklum rekstrarhalla skýrast að mestu vegna kostnaðar við stefnumótun í tengslum við sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Að öðru leyti er vísað í reikningana sjálfa til frekari skýringa.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir og skýrði tillögu stjórnar SSH að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

Hann kynnir tillögu stjórnar að árgjald sveitarfélaga yrði 30 kr. árið 2013 á íbúa sveitarfélaganna í SSH í stað 25 kr. fyrir árið 2012. Páll telur jafnframt nauðsyn á 50% skrifstofustarf á skrifstofu SSH til að sinna ákveðnum verkefnum þar sem þarfnast úrbóta, sérstaklega varðandi skjalavarðveislu og umsjón vefsíðu. Hann tók til fjöllum girðingar umhverfis höfuðborgarsvæðið sem er á ábyrgð SSH að halda við. 5-6 milljón kr. framlag hefur ekki dugað til að halda girðingunni við sem nauðsynlegt sé að fari í umræðu hjá sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

### **Tillaga um árgjald aðildarsveitarfélaga fyrir 2013**

Tillaga til aðalfundar SSH 26. október 2012 um árgjald aðildarsveitarfélaganna árið 2013: *Aðalfundur SSH samþykkir, með vísun í 9. grein samþykktar SSH, að árgjald aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2013 verði 30 krónur á hvern íbúa m.v. íbúatölu sveitarfélaganna 1. desember 2012.*

### **Fyrirspurnir og umræða um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun**

Jón Bjarnason (Mosfellsbær). Kemur með tillögu og óskar eftir að afþakka pappír á þessum fundi. Tillagan: *Aðalfundur SSH skorar á stjórn SSH að stefna að pappírslausum aðalfundi árið 2013.*

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að koma að svörum og taldi að þetta mál væri í vinnslu og myndi batna með auknu starfsmannahaldi á skrifstofu SSH.

Fleiri óskuðu ekki að taka til máls og gengið var til atkvæða um tillögur.

Ársreikningar bornir upp: Samþykktir einróma.

Tillaga varðandi árgjald borin upp: Samþykkt einróma.

Tillaga Jóns Bjarnasonar borin upp: Samþykkt einróma.

Skýrsla stjórnar, fjárhagsáætlun 2013 og reikningar SSH því samþykktir samhljóða á fundinum.

### **Kosningar**

- **Kosning formanns stjórnar SSH til næstu tveggja ára**

Tillaga kom fram hjá fundarstjóra um formann SSH: *Lagt er til að í samræmi við þá venju sem skapast hefur um að formaður til næstu tveggja ára verði Snorri Finnlaugsson, bæjarstjóri á Álftanesi.*

Samþykkt einróma.

- **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda**

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn reikninga verði:

Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavík og Páll Hilmarsson, Garðabæ.

Samþykkt samhljóða.

- **Tillaga kom fram um að löggiltur endurskoðandi verði áfram:**

Eyvindur Albertsson, frá KPMG Endurskoðun hf.

Samþykkt samhljóða.

Formannsskipti fóru þá fram á fundinum.

### **3. SSH – sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta og Magnús Árni Magnússon, Expectus ráðgjöf.**

Hólmfríður er starfsmaður Byggðastofnunar og kynnti fyrir hönd starfshóps sóknaráætlun fyrir Ísland. Sérstakt stýrinet er um verkefnið þvert á ráðuneyti með samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga. Drög að sóknaráætlun landshluta verði tilbúin í janúar 2013. Unnið eftir sameiginlegu verklagi og sniði um sóknaráætlunargerðina til að gera vinnuna markvissari. Kynnir væntanlegt fjármagn til verkefnisins í fjárlögum ársins 2013, væntanlega um 400 milljónir. Samningur við hver landshlutasamtök um notkun fjármagnsins og mikilvægi þess að höfuðborgarsvæðið væri virkt í þessu verkefni sem einn af átta landshlutunum.

Magnús Árni Magnússon fjallaði þá nánar um sóknaráætlunina og kynnti tillögu um ráðgjafaráð á höfuðborgarsvæðinu sem hefur störf fljótlega og mun væntanlega skila af sér tillögum í vor.

#### **Umræður:**

Héðinn Unnsteinsson (forsætisráðuneyti): Óskaði að taka til máls. Kynnti afstöðu ráðuneytanna til sóknaráætlunarvinnunnar og umfang hennar eins og hún er í dag. Miðað er við að fækka og einfalda samninga í framtíðinni sem tengjast einstaka stofnunum á landsbyggðinni, hafa aðeins átta samninga til landshlutasamtakann að lokum þar sem þau annist úthlutun fjármagns innan þeirra til einstakra verkefna eða stofnana en ekki ráðuneytin.

Rannveig Ásgeirsdóttir (Kópavogur): Spyr tveggja spurninga: Hverjir útdeila fjármagni sóknaráætlunarinnar ef ekki embættismenn ráðuneytisins og því engin breyting í gangi? og Hvers vegna vilja tvö ráðuneyti ekki vera með fulltrúa í ráðgjafarráðinu?

Hólmfríður kemur til svara. Ráðuneytin ætla ekki að úthluta til einstakra verkefna heldur aðeins heildarfjármagni til landshlutanna þar sem heimamenn útdeila fjármagni í einstök verkefni.

Magnús kemur þá til svara og útskýrði neitun ráðuneytanna tveggja að þau hefðu ákveðið að skipta sér ekki að vinnu ráðgjafaráðsins við mótun áætlunar einstakra landshluta en bentu þó á starfsmenn ráðuneyta væru til samstarfs um verkefnið en ekki ákvarðanatöku.

Bryndís Haraldsdóttir (Mosfellsbær): Vill fá að vita hvað málið snýst um á þessum fundi og hvernig þessi vinna tengist SSH. Ábending um lógó sóknaráætlunar, rauði punkturinn þar skemmir.

Páll svarar fyrir fjármagn til vinnu ráðgjafahópsins, 3 miljónir komi úr Jöfnunarsjóði sem ráðgerð er í þessa vinnu hjá SSH og komi því áfram sem byggðaaðstoð.

Jón Bjarnason (Mosfellsbær): Lagði til að hætt verði að niðurgreiða vinnuafli með fjármagni til atvinnuþróunarverkefna í dag en byrja þess í stað að leggja fjármagnið í nýjan iðnað á höfuðborgarsvæðinu.

Kaffihlé kl. 15.10.

Fundarstörf hófust að nýju kl. 15.30.

#### **4. Eigendastefna fyrir byggðasamlögin – Framtíðarhópur SSH. Dagur B. Eggertsson, formaður framtíðarhóps SSH.**

Fór yfir sögu máls um gerð eigendastefnu síðasta vetur. Ræddi sérstaklega tilgang eigendastefnu fyrir SSH um sameiginlegan tilgang sveitarfélaganna um einstök verkefni, t.d. sorpmál. Þar væri mikilvægt að vita hvert umboð ólíkra aðila er, t.d. stjórnar byggðasamlaga, stjórnar SSH og aðalfundar SSH. Eigendastefna er einnig opinber yfirlýsing um ábyrgð og skyldur gagnvart íbúum svæðisins.

Dagur minntist lauslega á stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á SSH í samstarfi sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu með tillögur sem þar voru lagðar fram, allt frá því að vera hógværar upp í það að vera mjög róttækar. Út frá stjórnsýsluúttekt hafa verið unnin drög að eigendastefnu fyrir SSH út frá margsvíslegum þáttum sem varða rekstur, skipulag og ýmis álitamál. Útkoman varð tillaga að eigendastefnu út frá ákveðnum forsendum, þ.e. ákveðið samspil milli stjórnar byggðasamlaga og bæjarstjórnir einstakra sveitarfélaga. Dagur kynnti síðar nánar inntak draga að eigendastefnu fyrir byggðasamlög innan SSH sem lágu fyrir í fundargögnum. Miðað er við að geta farið að starfa eftir þessari nýju eigendastefnu um mitt ár 2013 fyrir SORPU og Strætó bs.

#### **Umræður:**

Jón Bjarnason (Mosfellsbær): Grein 5.8 til umræðu og gerir athugasemdir við þessa grein og bendir á sögu Símans ehf máli sínu til stuðnings. Leggur áherslu á andstöðu sína við starfslokasamninga framkvæmdastjóra sem fá stuðning í eigendastefnudrögnum.

Páll Hilmarsson (Garðabær): Páll þakkar fyrir vinnu við gerð eigendastefnu en hann situr í stjórn Sorpu fyrir hönd Garðabæjar. Hann telur Sorpu vera að vinna í samræmi við stefnu sína. Páll lýsir ánægju sinni með drögin en spyr nokkurra spurninga:

- 5. kafli: um áhrif sveitarfélaga í eigendastefnudrögum boði loðin svör og það vanti tengingu þeirra við fulltrúaráðið.

- Varðandi aðalfundi er annmarki að halda þá í júní og því betra fyrr á árinu, t.d. vegna sveitarstjórnarkosninga í maí svo þeir sem beri ábyrgð á verkefnum svari fyrir þau að lokum.
- Mikilvægt að stjórnir hvers byggðasamlags skuli sitja alla eigendafundi þess en ekki bara „alla jafna“.

Páll telur ekki þörf á frekari umfjöllun um framkvæmdastjóra í eigendastefnunni sem fyrri ræðumaður nefndi. Nauðsynlegt að geta gengið frá starfslokum framkvæmdastjóra ef svo ber við. Hann taldi þá vanta að fjalla um skyldur eigenda og þeir standi 100% á bak við byggðaframlag og að einstök sveitarfélög geti ekki skorið sig frá einstaka verkefnum.

Gunnar Birgisson (Kópavogur): Situr í stjórn Strætó bs fyrir Kópavog sem hann segir vera einn mesta fólksflytjanda á landinu í dag. Landshlutasamtök úthluta leyfum til samgangna og strætó fær aukin verkefni í samningum við aðra aðila. Gagnrýnir að ekkert sé um slíkt í fjárhagsáætlunum strætó sem leiði til ógagnsæis vegna annarra tekna og gjalda sem strætó fær fyrir að taka að sér önnur verkefni en almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Ræðir 3.1.2. grein eigendadraganna fyrir strætó um meginverkefni þess. Þar vanti þátt í eigendastefnuna. Leggur til viðbót við greinina: *Kostnaður og tekjur vegna þessara verkefna skulu lagðar til samþykktar fyrir stjórn ásamt hefðbundinni framkvæmdaáætlun fyrir ár hvert.*

Gunnar bendir sömuleiðis á tvær innsláttarvillur í plagginu um rugling á Strætó bs og Sorpu í eigendastefnu strætó.

Kjartan Örn Sigurðsson (Álftanes): Drög að eigendastefnu ágæt. Vill halda tekjum strætó sömuleiðis aðgreindum vegna höfuðborgarsvæðisins og annarra tekna. Spyr hvort greinin um eigendur eigi að koma framar í plagginu. Um hvað snýst þetta plagg? spyr hann og svarar: Að verið sé að auka eftirlit embættismanna með kjörnum fulltrúum í stjórnnum byggðasamlaganna.

Ómar Stefánsson (Kópavogur): Ræddi hvort Sorpa og strætó fái eigendastefnu þar sem bæjarstjórnarnir sitji ekki í þessum stjórnnum. Eigendastefnan treystir ekki nægilega stjórnnum byggðasamlaganna? Hann hélt að eigendastefnan væri til að treysta verkefni stjórnanna.

Ásgerður Halldórsdóttir (Seltjarnarnes): Þakkar fyrir góðri vinnu við eigendastefnu. Tekur undir orð Gunnars varðandi grein 3.1.2 um meginverkefni byggðasamlaganna. Er ósammála Ómari með túlkun hans á eigendastefnunni. Hún er viss um það að þeir sem sitja fyrir hönd sveitarfélaganna í stjórnnum byggðasamlaganna hafi fullt umboð til sinna starfa.

Gunnar Einarsson (Garðabær): Varðandi eftirlit er engin nauðsyn að fara í vörn. Eðlilegt að bæjarstjórnar hafi yfirsýn varðandi fjármál sveitarfélaga og fylgist með starfsemi byggðasamлага. Þetta snýst ekki um vantraust, frekar um aðhald á opinberum rekstri til að við gerum eins vel og við nauðsynlega getum. Bæjarstjórnar hafi nauðsynleg verkefni hér og spurning um afstöðu til málsins.

Jón Bjarnason (Mosfellsbær): Gera þarf greinarmun á stjórn, sem er pólitískt skipuð, og framkvæmdastjóra byggðasamlags, sem er faglegur sérfræðingur. Hann les úr þessum tillögum um starfslýsingu að framkvæmdastjóraskipti verði á fjögurra ára fresti. Rangt að það þurfi að semja um starfslok fólks. Margt gott við þessi drög að eigendastefnu, sérstaklega varðandi gagnsæi. Það mætti vera meiri aðkoma íbúa á aðalfundum byggðasamlaganna, jafnvel að þeir hafi þar tillögurétt en ekki bara seturétt en það kannski ekki spurning með atkvæðisrétt.

Bryndís Haraldsdóttir (Mosfellsbær): Margt gott í þessum drögum að eigendastefnu. Mikilvægt að það sé skýrt hver sé kjarnastarfsemi byggðasamlaganna og að henni sé sinnt með hagkvæmum hætti. Í eigendastefnudrögum sé jafnvel verið að ræða þætti í starfsemi byggðasamlaganna sem eru umfram kjarnastarfsemina. Ekki eigi að hafa annað í eigendastefnunni en kjarnastarfsemina.

Ómar Stefánsson (Kópavogur): Hugsanlega misskilinn í fyrri umfjöllun sinni. Varðandi traust nefnir hann áætlanir sem byggðasamlögin stefna að og eru rædd á aðalfundum. Um framkvæmdastjóra þarf ekki að skilgreina sérstaklega um starfslok þeirra. Eigendastefnudrögin skýr sem endurspegli starfsemi byggðasamlaganna.

Dagur B. Eggertsson (Reykjavík): Þakkar fyrir jákvæð orð um drögin að eigendastefnunum. Vinnunni er þó ekki lokið. Margar fínar ábendingar hafi komið fram sem lýsa þekkingu sveitarstjórnarmanna á starfsemi byggðasamlaganna. Hann telur ekki að framkvæmdastjóra byggðasamlaga verði sagt upp á fjögurra ára fresti. Það felst þá ekki í drögunum að sjálfkrafa verði gerður starfslokasamningur við framkvæmdastjóra á fjögurra ára fresti. Varðandi fulltrúaráðið er það meginreglan að stjórnin sé alltaf við borðið með fulltrúaráðinu. Nokkrir hafa bent á kjarna málsins í eigendastefnudrögunum, að kjarnastarfsemin sem er aðalatriðið í starfsemi byggðasamlaganna. Kostnaður og tekjur vegna annarra verkefna eigi að koma fram í fjárhagsáætlunum byggðasamlaganna þrátt fyrir samninga við þriðja aðila. Hann telur að rýnt verði frekar í þessa þætti eftir fundinn.

Dagur vildi aðeins fara yfir umræðuna um eftirlit. Spurningin sé ekki að embættismenn hafi eftirlit með kjörnum fulltrúum, eða öfugt. Aðalatriðið að allir viti hver staða hvers er og verið að setja skýrar reglur um vald stjórnarmanna byggðasamlaga. Þá sé boðaður fastur vettvangur með fulltrúaráðinu á formlegan hátt en ekki að það verði starfandi „skuggastjórnir“ sem taki völdin af stjórnnum byggðasamlaganna. Verið að undirstrika og tryggja aðkomu allra að byggðasamlögum í gegnum aðalfundi þeirra. Allir geti axlað sína ábyrgð.

Drög að eigendastefnu verða lagfærð í kjölfar umræðunnar á fundinum og send til sveitarfélaga til formlegrar umsagnar áður en hún verður staðfest ítrekar Dagur.

Umræðu lokið um eigendastefnu SSH á fundinum.

## 5. Almennar umræður um málefni SSH.

Opnuð umræða um almenna mælendaskrá.

Jón Gnarr (Reykjavík): Vildi segja nokkur orð. Þakka fráfaraformanni fyrir samstarf og óskar nýkjörnum formanni velfarnaðar í starfi og væntir góðs samstarfs áfram. Honum líkar starf sitt stöðugt betur og hefur nú starfað í 863 daga sem borgarstjóri. Það tók tíma að fá innsýn í samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Mjög skemmtilegur tími samt og gefandi, ánægjulegur tími. Hann hefur ekki legið á skoðun sinni um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en vill fyrst og fremst treysta á samvinnuna og samstarf sveitarfélaganna. Margt gott hefur gerst, t.d. við gerð fjárhagsáætlana og meira samtal um framkvæmdir og skipulag á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið er eitt svæði, „eitt fólk“ eins og hann nefndi það. Við þurfum að standa saman og ef við eigum einn sameiginlegan andstæðing, óvin, þá er það ríkið, ríkisvaldið. Þurfum að kalla hátt til að ná sambandi við ríkið, t.d. varðandi sjúkraflutninga fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Hann furðar sig á og pirrar sig yfir ef Reykjavík er slitin frá höfuðborgarsvæðinu í umræðunni. Í umræðu niðurstöðu könnunar um að fólk sé sagt óöruggara á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi en í fjölmíðlaumfjöllun er það sagt að það sé „höfuðborgin“ sem sé óöruggari. Grindverkin á milli okkar eru fáfengileg og aðallega sett upp á punt en þegar á reynir leggjum við þau niður eins og dæmin sanna. Jón þakkar fyrir sig og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

Ármann K. Ólafsson (Kópavogur): Við erum fulltrúar fyrir um 200.000 manns og hann vill ræða tvö málefni, alvarleg og snerta höfuðborgarsvæðið í heild sinni. Annars vegar atvinnuleysisbætur sem flytjast á herðar sveitarfélaganna um áramótin og þar verði að ná ríkisstjórninni að samingaborðinu af einhverri sanngirni. Annað mál truflar í samskiptum við ríkið, það er að uppgjörið á útsvarinu frá ríkinu er breytilegt eftir mánuðum. Það er óþægilegt að sveitarfélögin hafi ekki yfirsýn „hvort rétt sé gefið“ í gegnum fjárhagskerfi ríkisins. Við fáum ekki séð hvort hlutirnir séu rétt framkvæmdir í fjársýslukerfinu. Nauðsynlegt að því sé komið sé í farveg að fá að sjá hlut sveitarfélaganna. Kannski er þetta frekar verkefni fyrir Sambandið en við þurfum að beita okkur í þessum efnum til að fá þetta leiðrétt.

Guðmundur Guðmundsson (Álftanes): Ekki hægt að láta hjá líða að ræða fækkun sveitarfélaga um eitt í SSH um áramótin. Ástæða til að nefna að þótt fáir kostir væru í stöðunni með væntanlega sameiningu Álfness við Garðabæ er þetta mjög góð vinna sem hefur farið í gang. Álag á íbúa Álfness hefur verið mikið allra síðustu ára og langlundargeð íbúa mikið. Árið 1993 var kosið um sameiningar en allir vita hvernig það gekk. Núna gekk það eftir og Álftnesingar hlakka til áramótanna.

Margrét Gauja fundarstjóri sleit þá aðalfundarstörfum þar sem ekki voru fleiri á mælendaskrá og bauð nýjum formanni SSH, Snorra Finnlaugssyni að slíta fundinum.



Snorri sagði stuttan formannstíma vera framundan og minnti stuttlega á sögu SSH. Hann þakkar samstarfið fyrir hönd Álftnesinga sem senn er á enda en boðar Álftnesinga tilbúna í samstarf í nýju sveitarfélagi fljótlega, Garðabæ. Hann þakkar fundarstjóra, fundarritara og framkvæmdastjóra SSH fyrir sín störf fyrir og á aðalfundinum.

Formaður kallar upp Ásgerði Halldórsdóttur, fráfarandi formann SSH, afhenti henni blómvönd og þakkaði henni störf hennar í þágu samtakanna.

Fundi slitið kl.16.55 og aðalfundarstörfum lokið.